


Dýrin í Afríku



C
Hér koma nokkrar vísur,
Dm G7 C
sem þið viljið máske heyra,
C
um dýrin úti? í Afríku,
G7 G
um apana og fleira.
C Dm
Hoja, hoja, a, ha, ha,
G C
hoja, hoja, a, ha, ha,
Dm
um dýrin úti? í Afríku,
G C
um apana og fleira.

Hæst í trjánnum hanga þar
hnetur og bananar.
Þar hefðarapar hafa bú,
þeir heita bavíanar.
Hoja, hoja ...

Úr pálmablöðum eru gerðar
apabarnavöggur,
en barnfóstran er voða gamall
páfagaukaskröggur.
Hoja, hoja ...

Og hér þarf ekkert slökkvilið,
og engan brunahana,
því fíllinn slekkur allan eld
með ógnarlöngum rana.
Hoja, hoja ...

Og kóngurinn í skóginum
er ljónið sterka? og stóra.
Hans kona? er ljónadrottningin,
hún étur á við fjóra.

Hoja, hoja ...

Í trjánnum sitja fuglarnir
og syngja allan daginn,
og vatnahestur bumbu ber,
og bumban það er maginn.
Hoja, hoja ...

Þetta? er fjörug músík
svo öll dýrin fara? að dansa.
Þau dansa fram á rauða nótt
og vilja ekki stansa.
Hoja, hoja ...

Hjá gíröffum var sút og sorg,
og svei mér ekki? af engu,
því átta litlir gíraffar
illt í hálsinn fengu.
Hoja, hoja ...

En nashyrningur læknir kom
með nefklemmur og tösku.
Og hann gaf öllum hálstöflur
og hóstasaft af flösku.
Hoja, hoja ...

Krókóðíllinn stóri hann fékk
kveisu hér um daginn.
Hann hafði étið apakött
sem illa þoldi maginn.
Hoja, hoja ...

Svo var skinnið skorið upp
það skelfing var að heyra.
Kvæðið langtum lengra er,
ég lærði ekki meira.
Hoja, hoja ...